

SAMÞYKKT

um meðhöndlun úrgangs í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Markmið samþykktar þessarar er að draga úr úrgangsmyndun og auka endurvinnslu og endurnýtingu, að minnka kostnað við alla meðhöndlun úrgangs og að úrgangseigandi greiði raunkostnað við meðhöndlun eigin úrgangs. Þá er það markmið samþykktarinnar að koma á jafnvægi milli kostnaðar og tekna sveitarfélagsins vegna sorpsöfnunar og eyðingar.

Samþykktin gildir um meðhöndlun alls úrgangs sem fellur til í fyrirtækjum, lögbýlum, heimilum, leiguíbúðum, sumarbústöðum og á óbyggðum jörðum þar sem úrgangur fellur til, í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

2. gr.

Úrgangsskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Allir íbúar og rekstraraðilar skulu hafa sorpílát viðurkennt af sveitarfélaginu.

Íbúum og rekstraraðilum ber að aðgreina sinn úrgang eftir fremsta megni.

Almennur heimilisúrgangur (sorp) er sóttur til íbúa og rekstraraðila á tveggja vikna fresti.

Rekstrarúrgangur, svo sem úrgangur frá lögbýlum, fyrirtækjum, verslunum, framleiðslu og þjónustu, t.d. matarleifar, umbúðir (plast, pappír, timbur), framleiðsluleifar og annar óendurvinnsluhæfur úrgangur, er sóttur til rekstraraðila á tveggja vikna fresti.

Íbúum og rekstraraðilum ber að meðhöndla garðaúrgang, svo sem gras, afklippur trjáa og annars gróðurs, torf og annan jarðveg, á upprunastað, jarðgera eða nýta til landgræðslu.

Sveitarfélagið hvetur íbúa til að flokka lífrænan úrgang frá heimilisúrgangi og jarðgera hann.

Íbúum ber að koma dýraleifum, svo sem sláturúrgangi og skrokkum af búpeningi, í sérstakan gám sem staðsettur er við Brautarholt.

Heyrúlluplasti skal safna jafnóðum og það fellur til og ganga frá því eins og söfnunaraðili gerir kröfu um. Söfnunaraðili sækir plastið heim á bæi þrisvar á ári. Þeir sem kjósa að skila plasti á því formi að það er ekki hæft til endurvinnslu, geta safnað því í kör og látið sækja það til urðunar enda greiði þeir fyrir samkvæmt gjaldskrá. Óheimilt er að setja heyrúlluplast í gáma fyrir heimilisúrgang, rekstrarúrgang eða gáma ætlaða undir flokkaðan úrgang.

Spilliefnum, lyfjum og öðrum hættulegum úrgangi skal halda aðgreindum frá öðrum úrgangi og skila í þar til gerða gáma á gámasvæðum.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang og sorp á víðavangi í sveitarfélaginu. Sama á við um númerslausa bíla, vélar og önnur tæki.

3. gr.

Gámavellir.

Sveitarfélagið rekur gámavelli fyrir flokkaðan úrgang.

Á gámasvæðunum við Ánes eru ílát undir eftirtalda flokka:

- Pappír
- Fernur
- Brotajárn
- Spilliefni
- Timbur

Á gámasvæði við Brautarholt eru ílát undir eftirtalda flokka:

- Pappír
- Fernur
- Brotajárn
- Timbur
- Sláturúrgangur

Íbúum og rekstraraðilum ber, sbr. ákvæði 2. gr., að aðgreina sinn úrgang í framangreinda flokka eftir fremsta megni.

Nánar um útfærslu á hverjum flokki er að finna á upplýsingablaði frá sveitarfélaginu.

Sveitarfélagið getur ákveðið um ítarlegri flokkun ef þörf krefur.

4. gr.

Skyldur íbúa og landeigenda.

Notendum þjónustu um meðhöndlun úrgangs ber að fara eftir þeim reglum sem sveitarfélagið setur um úrgang.

Allan úrgang skal setja í viðeigandi ílát að öðrum kosti er verktaka heimilt að skilja hann eftir.

Úrgang sem samþykktin nær til má einungis meðhöndla í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kröfur sveitarfélagsins.

Brennsla á úrgangi er ekki heimil. Undantekningar eru brennur tengdar hátíðarhöldum hvers konar sem viðeigandi leyfi hafa fengist til.

Flokkaður úrgangur skal þannig meðhöndlaður að hann blandist ekki öðrum úrgangsflokkum.

Flokkaðan úrgang skal geyma þannig að gæði hans við væntanlega endurnýtingu skerðist ekki, s.s vegna vatns eða vinds.

Úrgang sem getur fokið skal geyma þannig að hann fjúki ekki.

Meðhöndlun á úrgangi má ekki valda lyktarópægindum, draga til sín meindýr eða valda hreinlætisvandamáli.

Íbúar skulu þrifa sorpílat reglulega og halda þeim við.

5. gr.

Framkvæmd.

Sveitarfélagið ræður verktaka til að annast söfnun úrgangs og skal hann hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar Suðurlands. Sveitarfélagið sér um förgun úrgangs. Sorpstöð Suðurlands bs. sér um móttöku úrgangs úr sveitarfélaginu, nánari flokkun, böggun, endurnotkun, endurnýtingu eða förgun samkvæmt samþykktum um byggðasamlagið. Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd meðhöndlunar úrgangs. Þeir aðilar skulu hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar eða Umhverfisstofnunar eftir því sem við á.

6. gr.

Eftirlit.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands hefur eftirlit með starfsemi, sbr. ákvæði 4. mgr. 4. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs.

7. gr.

Gjaldtaka vegna meðhöndlunar úrgangs.

Sveitarstjórn skal innheimta gjald fyrir förgun úrgangs í samræmi við ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá er sveitarstjórn heimilt að innheimta sorphirðugjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi í samræmi við 2. mgr. 11. gr. laganna. Gjaldið skal sett og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

Heimilt er að ákveða gjaldið sem fast gjald á hverja fasteignareiningu miðað við fjölda sorphiláta eða þjónustustig. Gjöld í hverjum flokki skulu vera sem næst meðal raunkostnaði við þá þjónustu sem veitt er, en þó aldrei vera hærri en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi.

Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, lögbýli, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framan- greindrar þjónustu. Gjaldskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

8. gr.

Ýmis ákvæði.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri til framkvæmdaraðila verksins. Telji viðkomandi sig ekki fá fullnægjandi úrlausn getur hann skotið málinu til heilbrigðisnefndar.

9. gr.

Brot.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum 26. og 27. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

10. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 3. ml. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 5. janúar 2007.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.